

Endurskoðun á umferðaröryggisáætlun 2017-2022, 13.08.2019

Breyta uppsetningu á lið nr. 9 (áætlun og forgangsröðun) þannig að verkefni séu litakóðuð eftir stöðu.

Þau atriði sem þegar hafa komið til framkvæmda eru:

Vegamót Sunnutúns aðkoma að höfn.
Flæðavegur biðskylda
Mýravegur biðskylda
Mímisvegur aðkoma að skóla

Í vinnslu:

Gangbrautir
Gangstéttar
Við Sjávarbraut, aðkoma að höfn
Biðstöðvar fyrir almenningsvagna
Baldurshagi
Íbúahverfi
Skíðasbraut, Hafnarbraut, Grundargata

Taka út:

Afmarka hverfi með áberandi hliðum

Bæta við:

- a. Göngustígur Árgarði – Olís. Stígurinn í hönnunarferli og á að framkvæmast 2020. Þarf umferðaröryggisrýni sem tekur ákveðinn tíma.
- b. Gatnamótin að Bjórböðunum, Ægisgata við Sæborg. Þarf að fara inn á uppfærða umferðaröryggisáætlun sveitarfélagsins og í forgang þar. Dalvíkurbyggð ætti að prófa að þreifa á nýja eigandanum til að fá að jafna mönina niður til að auka útsýni til suðurs þegar komið er frá Bjórböðunum.

- c. Lýsing á vegum.
- Þjóðveginn að Hríseyjarferju frá Þjóðvegi 82, fjölfarin gönguleið heimamanna og gesta Hríseyjar.
 - Einnig hefur oft verið rætt um að lýsa þarf norðan Dalvíkur að Hóli.
 - Lýsing á gatnamótin við Moldhaugnaháls er á framkvæmd í haust. Settir verða upp 6-8 staurar.
 - Þarf að lýsa upp veginn upp í Skíðaskála.
- d. Breikkun gatnamótanna að Hauganesi og Árskógssandi. Mikil aukning er á ferðamannastraum til þessara staða með tilkomu Bjórbaðanna, Kalda, hvalaskoðunar, Bakkalá bars og sjóbaðanna. Nauðsynlegt er að endurskoða vegamót þessara þéttbýliskjarna við Þjóðveg 82 með það fyrir augum.
- e. Bæjarhlið inn í Dalvík báðu megin frá. Að sunnan þar sem hraðamælingin er núna og að norðan rétt norðan við brú á Brimnesá.
- f. Gangbraut við Frystihús Samherja er á áætlun Vegagerðarinnar 2019. Ennþá verið að meta hentuga staðsetningu, þarf að klára það endanlega áður en farið er í framkvæmd.
- g. Göngustígur meðfram Árskógssandsafleggjara. Þarf að vera krafa að strætó fari niður á Árskógssand.
- h. Áningarstaðurinn við Hríshöfða – breikkun gatnamóta að og frárein og betri merkingar.
- i. Kortleggja gatnamót með hægri rétti í Dalvíkurbyggð og merkja þau með biðskyldu.

Uppfæra:

Setja inn nýjan verkefnisstjóra Steinþór Björnsson deildarstjóri eigna- og framkvæmdardeildar.



Virðingarfyllst,

Börkur Þór Ottósson
Börkur Þór Ottósson
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs



I VANNVÖLU